

5. gr.

Nú gegnir faranddýralæknir störfum í umdæmi ásamt héraðsdýralækni þeim er þar þjónar, skal þá héraðslæknirinn segja fyrir um verkaskiptingu og vinnutilhögun. Um þóknun faranddýralæknis fyrir dýralæknisstörf skal höfð hliðsjón af gjaldskrá fyrir dýralækna. Faranddýralæknir skal greina héraðsdýralækni frá störfum sínum jafnóðum og gefa skýrslu um þau sé þess óskað.

Um dvalarkostnað meðan á störfum í héraðinu stendur fer samkvæmt samkomulagi við héraðsdýralækni.

6. gr.

Nú er faranddýralæknir kvaddur af yfirdýralækni til sérstaks eftirlits eða dýralæknisstarfa sem hafa í för með sér veruleg ferðalög og á hann þá rétt á ferðakostnaði og dvalarkostnaði samkvæmt reglum sem um það gilda hverju sinni.

7. gr.

Faranddýralæknir skal í lok hvers árs gefa yfirdýralækni skriflega skýrslu um störf sín á árinu, einkum að því er tekur til sjúkdóma búfjár og eftirlitsstörf sem hann hefur haft á hendi.

8. gr.

Faranddýralæknir skal leita álits og úrskurðar yfirdýralæknis um atriði sem hann er í vafa um.

Faranddýralæknir verður að setta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að vera á erindisbréfi þessu.

9. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum um dýralækna nr. 31 6. maí 1970, og tekur gildi þegar í stað.

Reykjavík, 21. apríl 1978.

Páll A. Pálsson.

Erindisbréf þetta staðfestist hér með.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. apríl 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

AUGLÝSING**um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda.**

Samkvæmt tillögu Náttúruverndarráðs og heimild í 23. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, hefur verið ákveðið að friðlýsa eftirtaldar plöntutegundir þar sem þær vaxa villtar hér á landi.

1. Dvergtungljurt (*Botrychium simplex*).
2. Mosaburkni (*Hymenophyllum wilsonii*).
3. Skeggburkni (*Asplenium septentrionale*).
4. Svartburkni (*Asplenium trichomanes*).
5. Klettburkni (*Asplenium viride*).
6. Tunguskollakambur (*Blechnum spicant* var. *fallax*).
7. Hlíðaburkni (*Cryptogramma crispa*).
8. Burstajafni (*Lycopodium clavatum*).

9. Knjápunktur (*Sieglingia decumbens*).
10. Heiðarstör (*Carex heleonastes*).
11. Trjónustör (*Carex flava*).
12. Fitjasef (*Juncus gerardi*).
13. Villilaukur (*Allium oleraceum*).
14. Ferlaufasmáli (*Paris quadrifolia*).
15. Eggvíblaðka (*Listera ovata*).
16. Tjarnablaðka (*Polygonum amphibium*).
17. Línarfi (*Stellaria calycantha*).
18. Flæðarbúi (*Spergularia salina*).
19. Melasól með hvítum og bleikum blómum (*Papaver raticatum* ssp. *Stefanssonii*).
20. Vatnsögn (*Crassula aquatica*).
21. Hreistursteinbrjótur (*Saxifraga foliolosa*).
22. Blóðmura (*Potentilla erecta*).
23. Þyrnirós (*Rosa pimpinellifolia*).
24. Glitrós (*Rosa vosagiaca*).
25. Súrsmæra (*Oxalis acetosella*).
26. Tjarnabrúða (*Callitriche brutia*).
27. Skógfjóra (*Viola riviniana*).
28. Davíðslykill (*Primula egaliksensis*).
29. Lyngbúi (*Ajuga pyramidalis*).
30. Hveraaugnfró (*Euphrasia calida*).
31. Mýramaðra (*Galium palustre*).

Samkvæmt þessu er lagt bann við að slíta af þessum plöntum sprota, blöð, blóm eða rætur, traðka á þeim, grafa þær upp eða skerða á annan hátt.

Með þessari auglýsingu er jafnframt felld úr gildi auglýsing nr. 130/1967 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 25. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið frá 1. apríl til 15. júlí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið frá 1. apríl til 15. júlí 1978:

Spærlingsmjöl, \$ 6.60 á próteineiningu í lest.

Kolmunnamjöl, \$ 6.60 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 8%.

Verðin miðast við Cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 253.90.